



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 9. nóvember 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir, ásamt Arnari Ólafi Viggóssyni varamanni og Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 2., 3. og 4. dagskrárið.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og þau verkefni sem framundan eru. Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega og til kynningar.

### 2. Fjárhagsáætlun 2023 – fyrri umræða

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitasjóðs og stofnana vegna 2023. Sveitarstjóri og Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála fóru yfir og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum áætlunar. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar og áherslur. Samþykkt að vísa framlagðri áætlun til annarrar umræðu.

### 3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 2 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 sem Ólafur Þór fór yfir og útskýrði.

Í tillögunni er gert er ráð fyrir breytingum á rekstri, sem nemur 4,6 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Rekstrarniðurstaða verði 72,9 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar rekstrar tengjast hækkuðum fjármagnstekjum og framlögum til félags- og fræðslumála. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum tillögu að viðauka 2.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn, að fjárhagsáætlun 2022 með samþykktum viðaukum, sé lögð til grundvallar fjárhagsáætlunargerð 2023.



#### 4. Framkvæmdir firlit jan-okt. og rekstraryfirlit jan-sept. 2022

Fyrir fundinum lá framkvæmdir firlit sveitarfélagsins vegna jan-okt og rekstraryfirlit vegna jan-sept sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

#### 5. Umsögn sveitarstjórnar um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins

Fyrir fundinum svohljóðandi umsögn sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem send var á nefndasvið Alþingis þann 31. október 2022:

*Sveitarfélagið Skagaströnd hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram á Alþingi. Með tillögunni er lagt til að stækka þann hluta sem tekinn er af aflaheimildum hvers árs úr 5,3% í 8,3% af úthlutuðum aflaheimildum heildarafla.*

*Sveitarfélagið Skagaströnd styður heilshugar hugmyndir um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins. Sjávarbyggðir allt í kringum Ísland hafa liðið fyrir stórfellda samþjöppun aflaheimilda allt frá því að kvótakerfið var tekið upp upp árið 1984. Hagræðing greinarinnar hefur verið greidd af sjávarbyggðum landsins í formi tapaðra starfa, íbúafækkun og hruni fasteignaverðs. Sjávarbyggðir með undir 500 íbúa voru 25 þann 1. janúar 2019. Hefur íbúum fækkað í öllum þeirra nema einni frá 1990, á Grenivík, þar sem íbúafjöldinn hefur staðið í stað. Mest hefur fækkinin hlutfallslega verið á Raufarhöfn þar sem hún var 57% og á Borgarfirði eystri þar sem hún var 53%. Íbúafjöldi þessara 25 byggðarlaga var árið 1990 6.857 en var 1. janúar 2019 kominn niður í 4.695 og hefur því fækkað um rúm 30%. Í dag býr meginþorri þjóðarinnar á, eða í nágrenni við, höfuðborgarsvæðið.*

*Svakallaður félagslegur hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur verið nýttur til þess að reyna að hafa áhrif á þessa neikvædu þróun. Sú aðgerð sem vegur þar þyngst eru strandveiðar. Strandveiðar hafa skapað umsvif í höfnum vítt og breytt um landið og hafa ýtt undir nýliðun innan smábátaútgerðar með góðum árangri. Á Skagaströnd hefur smábátaútgerð eflst á undanförnum árum. Í flestum tilfellum er um að ræða miðaldra karlmenn sem hafa stundað sjómennsku á togurum frá því að grunnskólagöngu lauk sem eru að reyna að skapa sér framfærslugrundvöll með strandveiðum, grásleppuveiðum, byggðakvóta og leigu aflaheimilda. Þessi þróun hefur skapað umtalsverða byggðafestu á Skagaströnd þar sem að öllum líkindum hefðu fjölskyldur þessara manna flutt frá Skagaströnd hefðu þessir möguleikar ekki verið til staðar. Á Skagaströnd fengu 25 bátar úthlutað byggðakvóta fiskveiðíárið 21/22 en fiskveiðíárið 03/04 voru einungis 4 bátar sem nutu þessara gæða.*



Eru þessar upplýsingar til marks um hvernig svokallaður félagslegur hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur komið til styrkingar byggðafestu í Sveitarféluginu Skagaströnd. Sveitarfélagið Skagastönd telur að tillaga þingmannanna muni styrkja byggð á Skagaströnd enn frekar. Sveitarfélagið telur að áhrifaríkast yrði að beina auknum veiðiheimildum inn í strandveiðikerfið með það að markmiði að tryggja smábátasjómönum rétt til þess að róa í 48 daga með öllum þeim takmörkunum sem það kerfi inniber.

Sveitarfélagið Skagaströnd telur að þessi 3% aukning innan félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins muni ekki hafa afgerandi áhrif á stöðu núverandi handhafa aflaheimilda í ljósi þess að innan fiskveiðistjórnunarkerfisins er umtalsverður sveigjanleiki. Í því sambandi má benda á að á síðasta fiskveiðíári var, eins og undanfarin ár, virkur markaður með aflaheimildir á leigumarkaði. Séu gögn á vef Fiskistofu notuð má sjá að 288.902.332 kg skiptu um hendur á fiskveiðíárinu og verðmæti sem skiptu um hendur í þessum viðskiptum voru samtals 8.643.919.458 kr. Ekki verður séð að það geti verið þjóðhagslega hagkvæmt að halda áfram að úthluta aflaheimildum til aðila sem ekki eru að nýta þær. Í dag eru smábátasjómenn til dæmis tilbúnir að greiða 390 kr/kg fyrir hvert kg af þorski áður en haldið er til veiða. Pessir aðilar hljóta því að vera hæfari til þess að nýta þessar heimildir en sá sem er að leigja heimildirnar frá sér.

## 6. Úrgangsmál

Sveitarfélöginn í Húnnavatnssýslum eru öll að klára samningatímabil vegna sorphirðu eða reka málaflokkinn á framlengdum samningum. Fyrirhugað er að standa að sameiginlegu útboði á úrgangsmálum á næstunni. Verkfraeðistofan Efla tók saman skýrslu þar sem bent er á möguleika á samstarfi og samhæfingu sveitarfélaganna í úrgangsmálum. Við skoðun kom í ljós að margt er líkt í úrgangsstjórnun sveitarfélaganna, en ýmsa þætti er nauðsynlegt að ræða til þess að bæta þjónustu og flokkun á svæðinu. Með aukinni samræmingu sveitarfélaganna má búast við hagræðingu í málaflokknum til lengri tíma og bættri þjónustu við íbúa svæðisins. Sveitarstjóra er falið að vinna málið áfram og undirbúa útboð vegna verkefnisins.

## 7. Bréf

**a. Helgi Margeirsson f.h. Körfuboltaskóla Norðurlands dags. 18. október 2022**

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá Helga Margeirssyni f.h. Körfuboltaskóla Norðurlands en óskað er eftir styrk að upphæð kr. 100.000,- til þess að standa straum af kostnaði við rekstur skólans 2023. Sveitarstjórn ræddi framlagða beiðni og samþykkti styrkbeiðni eins og hún var lögð fyrir.



**b. Björgunarsveitin Strönd dags. 26. október 2022**

Péturína Laufey Jakobsdóttir lýsti sig vanhæfa til þess að fjalla um dagskrárlíði 7. b. og c. og vék af fundi.

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Strönd vegna hátíðahalda, neyðarkalls, dagatals og flugeldasýningar alls að upphæð kr. 1.120.000,-. Sveitarstjórn ræddi framlagða beiðni og samþykkti hana eins og hún var lögð fyrir.

**c. Stjórн Ungmennafélagsins Fram dags. 26. október 2022**

Fyrir fundinum lá erindi Ungmennafélagsins Fram þar sem rætt er um þörf á því að skipta út grasi á sparkvelli. Ungmennafélagið býðst til þess að leggja fram kr. 1.500.000 til verksins til þess að flýta framkvæmdum og vonast til þess að tekið verði tillit til framkvæmdarinnar við gerð fjárhagsáætlunar 2023. Sveitarstjórn ræddi erindið og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar 2023.

## 8. Fundargerðir

**a. Stjórnar SSNV dags. 11. október 2022.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**b. Stjórnar SSNV dags. 13. október 2022.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c. Stjórн Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. október 2022.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**d. Stjórн Hafnasambands Íslands dags. 26. október 2022.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**e. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 7. nóvember 2022.**

**Eftirfarandi var bókað undir lið 1. a)**

*Lóðaumsóknir Hólaberg 16, 18 og 20*

Fyrir fundinum lágu umsóknir Maciej Bauer um lóðir að Hólabergi 16, 18 og 20 til byggingar á frístundahúsum. Áætlað er að byrjað verði að reisa fyrsta húsið vorið 2024 og síðasta húsið vorið 2025, en byggingartími hvers húss er 6 mánuðir. Nefndin fór yfir umsóknirnar en benti á eftirfarandi:

1. Lóðirnar sem um ræðir eru á svæði B en fyrir er byggt eitt hús á svæði A og fýsilegra að halda uppbyggingu á því svæði áfram til að samnýta innviði.





Nefndin leggur til að úthluta umsækjanda lóðum við Hólaberg 6, 8 og 10 í beinu framhaldi af Hólabergi 4 þar sem í dag stendur eitt frístundahús.

2. Meginregla er að framkvæmdir skuli hafnar á lóðum einu ári frá úthlutun en umsóknir gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2024 og ljúki 2025. Beint er til aðila að breyta umsóknum þannig að framkvæmdir hefjist 2023 eða innan árs frá úthlutun lóða.

Var afgreiðslu umsókna frestað og vísað til sveitarstjórnar.

#### Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Bókun hafnar- og skipulagsnefndar staðfest og sveitarstjóra falið að hafa samband við aðila og vinna málið áfram.

#### Eftirfarandi var bókað undir lið 1. e)

Fyrir fundinum lá erindi Umhverfisstofnunar dags. 21. október 2022 vegna umsóknar Esja Architecture f.h. sveitarfélagsins um leyfi til framkvæmda á Spákonufellshöfða. Spákonufellshöfði var friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 444/1980. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Til undanþágu frá reglum þessum þarf því leyfi Umhverfisstofnunar. Með umsókn er sótt um leyfi til að setja upp fuglaskoðunarhús norðanvert í fólkvanginum, bæta og afmarka bílaplan, bæta merkingar og gera úrbætur og viðbætur á göngustígum fólkvangsins. Frá bílastæði verður settur lagður stígur sem talist getur aðgengilegur fyrir hjólastóla á um 300 m kafla. Stígurinn liggar upp að steypum palli gamallar bryggju sem er á svæðinu þar sem settur verður upp útsýnispallur úr timbri með sætum. Framkvæmdunum verður skipt upp í two fasa. Farið verður í fasa eitt, þ.e. göngustígana, bílastæði og fuglaskoðunarhús vorið 2023 og fasa tvö, þ.e. skiltin, hjólastólaufæra stíginn og útsýnispallinn haustið 2023. Umhverfisstofnun veitir Esja Architecture, f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar, fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum í Spákonufellshöfða sbr. lýsingi hér að ofan að vori og hausti 2023 að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Var erindið lagt fram til kynningar og áframhaldandi framgangi verkefnisins vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.





### Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn fagnar afstöðu Umhverfisstofnunar til verkefnisins og felur sveitarstjóra að vinna verkið áfram í samvinnu við Esju Architecture á grundvelli fyrilliggjandi gagna.

### Eftifarandi bókað undir lið 2. a)

Fyrir fundinum lá minnisblað dags. 4. nóvember sl. frá Karli Hrannari Sigurðssyni persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins sem hefur eftirlit með því að sveitarfélagið starfi í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu upplýsinga. Með tölvupósti dags. 10. júní 2022 kom persónuverndarfulltrúi á framfæri ábendingum við sveitarstjóra vegna vefmyndavéla sem eru staðsettar á hafnarsvæði. Að mati persónuverndarfulltrúa fela vefmyndavélarnar í sér rafræna vöktun í skilningi laga nr. 90/2018. Telur undirritaður einnig að skilyrðum laganna sé ekki mætt, enda óljóst í hvaða tilgangi vöktunin fer fram. Að sama skapi hefur ekki farið fram mat á nauðsyn hennar í þágu lögmæts markmiðs og þá hefur hvorki áhætta verið metin né öryggisráðstafanir ákveðnar sem miða að því að lágmarka áhættu. Persónuverndarfulltrúi minnir á að það er á ábyrgð sveitarfélagsins að ganga úr skugga um að lögum nr. 90/2018 sé framfylgt og ber öðru fremur skylda til að geta sýnt fram á það. Verði vefmyndavélarnar uppi áfram í óbreyttri mynd, eða eftir atvikum bætt við nýjum, hefur það í för með sér töliverða áhættu fyrir sveitarfélagið, enda standa líkur til þess að afleiðingarnar verði meiri ef því er kunnugt um atriði sem betur mega fara en lætur hjá líða að bregðast við. Nefndin fór yfir efni minnisblaðsins og vísaði því til sveitarstjórnar að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja lögmæti vöktunar.

### Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að úrbótum svo mögulegt sé að halda myndavélum á hafnarsvæði virkum og bæta við vélum á smábátahöfn.

### Eftifarandi var bókað undir lið 2. b)

*Endurskoðun Hafnarreglugerðar fyrir Skagastrandarhöfn nr. 34/2006*



Fyrir fundinum lá Hafnarreglugerð Skagastrandarhafnar nr. 34/2006 sem nefndin ræddi, en gera þarf breytingar á reglugerðinni m.a. vegna tilkomu smábáthafnar. Vísaði nefndin því til sveitarstjórnar að vinna að nauðsynlegum uppfærslum á reglugerðinni.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

Sveitarstjóra var falið að vinna að nauðsynlegum uppfærslum og leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

**Eftirfarandi var bókað undir lið 2. d)**

Umræður hafa verið um umgengni og ásýnd hafnarsvæðis. Einn liður í því er að allir gámar sem fá stöðuleyfi á hafnar- og gámasvæði séu málaðir í sama lit. Málinu vísað til afgreiðslu og útfærslu hjá sveitarstjórn.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

Sveitarstjóra falið að vinna að útfærslu á reglum varðandi gáma á hafnar- og gámasvæði.

Að öðru leyti var fundargerð lögð fram til kynningar.

**f. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 7. nóvember 2022.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

## 9. Önnur mál

Föstudaginn 4. nóvember kom upp sú óviðunandi og grafalvarlega staða að sveitarfélagið varð net- og símasambandslaust í sex klukkustundir vegna þess að ljósleiðari fór í sundur vegna vegaframkvæmda í Refasveit. Atvikið afhjúpaði alvarlega veikleika í öryggisinnviðum í sveitarféluginu. Ef upp hefðu komið atvik er varða líf og heilsu íbúa voru engar bjargir til staðar eða möguleiki til að kalla eftir aðstoð þar sem ekki einu sinni náðist í 112 símleiðis. Staðan er enn alvarlegri þar sem enginn sjúkrabíll er starfræktur í sveitarféluginu og fyrsta viðbragð á hendi ólaunaðra vettvangsliða sem eru meðlimir Björgunarsveitarinnar Strandar. Áréttar er að allt síma- og netsamband datt út og því engin leið að hafa samband við aðila nema í gegnum tetrastöðvar sem eru eðli máls samkvæmt ekki til á heimilum. Á hjúkrunarheimili sveitarfélagsins Sæborg datt bjöllukerfið út. Þá eru öll brunavarnakerfi stofnana háð símasambandi. Það er óásættanlegt með öllu að hluti landsbyggðarinnar búi við mikið óöryggi hvað varðar fjarskipti og bjargir þegar staða sem



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

1266-59

þessi kemur upp. Var sveitarstjóra falið að óska eftir samtali við þar til bæra aðila til þess að ræða þá stöðu sem er uppi, er óviðunandi með öllu og ógnar búsetuöryggi í landshlutanum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:51.

Halldór G. Ólafsson

Arnar Ólafur Viggósson

Arnar Ólafur Viggósson

Peturína i Jakobsd.

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir